

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 6/2021
Fundarritari: Guðmundur Örn Sverrisson	
Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Sævar Skaptason (SS) gjaldkeri Björk Norðdahl (BN) Harpa Ósk Valgeirsdóttir (HÓV) Huldar Hlynsson (HH) Jón Halldór Jónasson (JHJ) Þórhallur Helgason (ÞH) Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Guðmundur Örn Sverrisson (GS) fjármála- og verkefnastjóri BÍS	Fundarstaður: Fjarfundur Dagsetning: 15. apríl 2021 kl. 20:00-21:00
Fjarverandi:	

Dagskrá:

Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	Setning 20:03	MM
	Dagskrá fundarins 1. Skátaþing 2021 niðurstöður og næstu skref -Starfsáætlun Starfsáætlun var samþykkt, landsmót 2024 og aldursbilamót á næsta ári. Fyrir liggur að hefja skipulagningu móta, verkefni úthlutað Kristni og Hörpu. Lagt er til að gera starfsáætlun sýnilegri á vefsíðu skátanna. Tillagan er samþykkt. -Fjárhagsáætlun Fjárhagsáætlun BÍS 2021-2022 var samþykkt á skátaþingi. -Lagabreytingar Skoða þarf áhrif lagabreytinga á starfsemi hreyfingarinnar og hvernig best er að bregðast við þeim. Verkefni úthlutað Huldari, Mörtu og Þórhalli í samráði við ungmennaráð. -Þingsályktunartillaga Þingsályktunartillaga um ritun Jafnréttis- og mannréttindastefnu BÍS var samþykkt. Stofna þarf vinnuhóp og auglýsa með útkalli. Verkefni úthlutað skrifstofu BÍS. 2. MoViS innleiðing (hugmyndavinna að næstu skrefum) Kópar verða tilraunafélag. Marta, Jón Halldór og Björk móta áætlun um næstu skref og kynna á næsta stjórnarfundum. 3. Staðfesting stjórnar BÍS á nýjum stjórnnum dótturfélaga Stjórn BÍS staðfestir skipun Sævars Skaptasonar, Mörtu Magnúsdóttur og Þórhalls Helgasonar í stjórn Skátabúðarinnar ehf. Stjórn BÍS staðfestir skipun Þórhalls Helgasonar, Jóns Ingvars Bragasonar og Hörpu Ósk Valgeirsdóttur í stjórn Skátamóta ehf.	MM

	<p>4. Kynningaráætlanir viðburða Sagt frá drögum að kynningaráætlun viðburða. Lagt er til unnin verði burðug kynningaráætlun með góðri aðferðafræði og aðgreindum áætlunum eftir markhópum. Ennfremur er lagt til að auglýsa líka á Discord. Lagt er til að Jón Halldór leiði vinnuhóp um kynningaráætlun BÍS. Tillagan er samþykkt og skátahöfðingi boðar vinnufund.</p> <p>5. Stefnusalurinn hans Stebba (hugmyndavinna, hvernig framkvæmum við þetta) Stefnt er að vinnufundi stjórnar og starfsfólks í stefnusalnum.</p> <p>6. Norðurlandáþing 2021 Styrkur fékkst vegna þátttökugjalda. Berglind Lilja er tengiliður BÍS við þingið. Lagt er til að bjóða öllum í nefndum og ráðum BÍS á þingið. Tillagan er samþykkt.</p> <p>7. Skátaskírteini (á að halda áfram óbreyttu fyrirkomulagi/prentun eða annað?) Rætt um skátaskírteini framtíðarinnar og mögulegar útfærslur. Verkefni úthlutað Huldari, Jóni Halldóri og Kristni að kanna hvaða möguleikar eru í boði. Kristinn boðar til fundarins.</p> <p>8. Tölfræði Lagt er til að fela framkvæmdastjóra og skátamiðstöð að taka saman tölur um fjölda starfandi skáta og leggja fyrir stjórn tvisvar sinnum á ári hið minnsta, annars vegar í byrjun október og hins vegar í byrjun febrúar. Jafnframt er óskað eftir tillögum um hvernig ná megi utan um fjöldatölur í rauntíma hverju sinni. Tillagan er samþykkt.</p> <p>9. Stefna BÍS í kynningu Unnið er að því að senda rúmlega 500 eintök af stefnu BÍS ásamt bréfi frá skátahöfðingja til ýmissa lykilaðila.</p> <p>10. Önnur mál -Stefnt er að því að boða fund um tímabundna starfsmenn með stuðningi hins opinbera. -Vinnuhópur um fjölgun skátaforingja óskar eftir klukkutíma fundi með stjórn BÍS. Lagt er til að bjóða þeim á fund stjórnar í apríl. Tillagan er samþykkt. -Lagt er til að stjórn hittist utan fundartíma. Tillagan er samþykkt -Lagt er til að setja fundartíma stjórnar í viðburðadagatal BÍS. Tillagan er samþykkt. -Lagt er til að halda opna, mánaðarlega umræðufundi stjórnar. Tillagan er samþykkt.</p> <p>11. Trúnaðarmál Lið frestað.</p>	
--	---	--

Fundi slitið 21:34